

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 4/2002

Kreditkort hf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 3. janúar 2002, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála sama dag, hefur Kreditkort hf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 35/2001](#), dags. 4. desember 2001.

Með hinni kærðu ákvörðun eru 10. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Kreditkorta hf. og 11. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Greiðslumiðlunar hf. lýst ógild með heimild í 1. mgr. 49. gr. samkeppnislaga. Enn fremur beinir samkeppnisráð með heimild í 17. gr. samkeppnislaga þeim fyrirmælum til Kreditkorta hf. og Greiðslumiðlunar hf. að gera samninga um innheimtu raðskuldabréfa við alla aðila sem þess óska og uppfylla almenn, hlutlæg og málefnaleg skilyrði.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 28. júní 2001, kvartaði Guðmundur Örn Guðmundsson, hdl. f.h. Opins hugar ehf. til Samkeppnisstofnunar vegna synjunar Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorta hf. á að gera innheimtusamning og taka til innheimtu raðgreiðslusamninga sem kvartandi hafði keypt og fengið framselda til sín. Taldi kvartandi þetta vera brot á samkeppnislögum.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 4. desember 2001 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„10. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Kreditkorta hf. og 11. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Greiðslumiðlunar hf. brjóta í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þessi ákvæði eru því ógild, sbr. 49. gr. samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Kreditkorta hf. og Greiðslumiðlunar hf. að gera samninga um innheimtu raðskuldabréfa við alla aðila sem þess óska og uppfylla almenn, hlutlæg og málefnaleg skilyrði.“

Mál þetta var munnlega flutt fyrir áfrýjunarnefndinni 8. febrúar 2002. Máli þessu hefur ekki verið áfrýjað af hálfu Greiðslumiðlunar hf.

III.

Áfrýjandi telur ákvæði 10. tl. raðgreiðslubrifa fyrirtækisins standast samkeppnislög.

Í fyrsta lagi eigi lagaskilyrði 10. gr. samkeppnislaga ekki við þar sem raðgreiðslusamningar séu gerðir milli söluaðila og korthafa en ekki þeirra fyrirtækja sem kvörtun Opins hugar ehf. hafi beinst að.

Hvorki hafi verið samkomulag né samráð milli greiðslukortafyrirtækjanna að takmarka heimildir til framsals raðgreiðslubrifa. Hjá áfrýjanda hafi verið um eðlilega ráðstöfun að ræða sem annars vegar hafi verið ætlað að tryggja öryggi korthafa og

hins vegar að koma í veg fyrir þá vinnu sem það myndi skapa félaginu að heimila frjálst framsal samninganna.

Í öðru lagi mótmælir áfrýjandi því sem fram komi í hinni kærðu ákvörðun að mögulegt sé að takmarka þær upplýsingar sem fram komi á raðgreiðslubréfum. Munur sé á raðgreiðslusamningum og posaslippum. Á posaslippunum komi einungis hluti þessara upplýsinga fram en upplýsingar um kennitölu korthafa, heimili, símanúmer og hvað hafi verið keypt verði til á rafrænu formi þegar greiðslukorti sé rennt í gegnum posavél og séu varðveittar þannig.

Í þriðja lagi verði ekki hjá því komist að tilgreina í kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara hvað hafi verið keypt og því beri þeir samningar með sér upplýsingar um neysluvenjur.

Í fjórða lagi bendir áfrýjandi á að korthafi sem gerir raðgreiðslusamning hjá söluaðila sé sjálfviljugur að stofna til samningssambands þar sem þessum tiltekna söluaðila sé veittur aðgangur að ofangreindum upplýsingum. Sé veitt víðtækara leyfi fyrir framsali bréfanna en nú er sé verið að skerða persónurétt korthafa. Í skilmálum söluaðila sé hvergi áskilnaður um trúnað um viðskipti söluaðila og korthafa. Í þeim efnum gildi einungis almennar venjur um viðskiptasiðferði.

Opinbert leyfi til starfrækslu geti aldrei orðið viðmið vegna framsals raðgreiðslubréfa þar sem það sé of víðtækt. Eðlilegt sé að takmarka framsalsheimild slíkra bréfa við banka, sparisjóði og aðra þá aðila sem sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

IV.

Samkeppnisráð telur að lagaskilyrðum 10. gr. samkeppnislaga sé fullnægt. Til þess að geta gefið út raðgreiðslubréf þurfi söluaðili að hafa skrifað undir viðaukasamning við áfrýjanda. Þar komi fram að söluaðila sé óheimilt að framselja raðgreiðslubréfið til annarra en bankastofnunar og fjármögnunaraðila sem gert hafa samning við áfrýjanda. Raðgreiðslubréfið sé framhald af viðaukasamningi áfrýjanda

og söluaðila og hluti af samningssambandi milli þeirra. Umrædd ákvæði feli í sér samkeppnishömlur gagnvart þriðja aðila.

Einungis sé unnt að framselja raðgreiðslubríf bönkum og verðbréfafyrirtækjum samkvæmt ákvæðum þeirra. Greiðslukortafyrirtækin hafi með þessari takmörkun beint viðskiptum upp á tæpa 9 milljarða á ári til eigenda sinna og haldið öðrum frá þeim. Með þessu móti komi greiðslukortafyrirtækin í veg fyrir innkomu nýrra aðila að starfsemi sem velti umtalsverðum fjárhæðum á ári.

Hvað varði þær upplýsingar sem fram komi á raðgreiðslubréfunum hafi áfrýjandi ekki fært fyrir því gild rök að bankar eða verðbréfamiðlarar séu betri til að gæta persónuupplýsinga en aðrir. Fjölmarginir söluaðilar hafi aðgang að þessum upplýsingum. Þá beri áfrýjanda engin lagaskylda til að takmarka framsal raðgreiðslubrifa.

Loks hafi áfrýjanda verið heimilað í hinni kærðu ákvörðun að setja skilyrði við gerð innheimtusamninga. Hins vegar séu þau skilyrði sem hafi verið notuð of þröng.

V.

Mál þetta fjallar um raðgreiðslusamninga sem viðskiptamenn (söluaðilar) áfrýjanda mega gera við korthafa Kreditkorta hf. Heimild til að gera þessa samninga styðst við sérstaka viðaukasamninga við samninga sem áfrýjandi og söluaðilarnir hafa gert um almenn greiðslukortaviðskipti. Raðgreiðslusamning skal gera á sérstök eyðublöð, svonefnd “EUROCARD raðgreiðslur”. Eyðublöðin eru tvö, þ.e. skuldabréf og kaupsamningur með eignarréttarfyrirvara, og er gert ráð fyrir því að korthafi undirriti þessa gerninga þegar til viðskipta kemur. Söluaðilinn í þessum viðskiptum þarf að afla staðfestingar áfrýjanda á öllum raðgreiðslusamningum. Hann þarf auk þess að gefa áfrýjanda ýmsar upplýsingar svo sem kortanúmer, gildistíma og upphæð samnings og þessu til viðbótar þarf raðgreiðslusamningur að fullnægja kröfum sem varða gjalddaga, lengd lánstíma og fleiri atriði. Sé samningi komið á með kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara eða skuldabréfi heimilar korthafi að kortareikningur hans sé skuldfærður fyrir mánaðarlegum greiðslum á umsömdum

gjaldþögum og með umsömdum kjörum án sérstakrar tilkynningar þar til skuld hans samkvæmt samningnum eða skuldabréfinu er að fullu greidd.

Til þess að fá andvirði söluverðmætis strax í hendur á söluaðilinn kost á því að framselja skuldabréfið eða kaupsamninginn. Samkvæmt viðaukasamningnum getur söluaðilinn þannig framselt rétt sinn á samningnum til bankastofnunar eða annars fjármögnunaraðila en sá fyrirvari er þó gerður í viðaukasamningnum að bankastofnun eða fjármögnunaraðili hafi gert innheimtusamning við áfrýjanda. Sambærilegt ákvæði er að finna bæði í fyrrgreindum eyðublöðum um kaupsamning með eignarréttarfyrirvara og skuldabréf sem nefna þó verðbréfafyrirtæki í stað fjármögnunaraðila.

Mál það sem hér liggur fyrir snýst aðeins um það hvort orðalag 10. tl. staðlaðs raðskuldabréfs áfrýjanda brjóti í bága við 10. gr. samkeppnislaga. Ákvæðið hljóðar svo:

“Seljandi hefur hvenær sem er heimild til að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum til bankastofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem hefur gert innheimtusamning við EUROCARD.”

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að umrætt ákvæði teljist til samninga milli fyrirtækja í skilningi 10. gr. samkeppnislaga enda ber að mati nefndarinnar að meta umdeild samningsákvæði í viðaukasamningunum og raðskuldabréfunum sem eina heild í þessu sambandi. Sem fyrr segir er heimild söluaðila til að framselja raðgreiðslubríf háð því að bankastofnun eða verðbréfafyrirtæki hafi gert innheimtusamning við áfrýjanda. Áfrýjunarnefndin telur að skilyrði af þessu tagi séu ógagnsæ og til þess fallin að takmarka eða stýra því hvort nýir aðilar geti komist inn á þann markað sem í málinu greinir, þ.e. markaðinn fyrir viðskipti með umrædd skuldabréf. Því telur áfrýjunarnefndin að af hömlunum leiði að aðilar séu útilokaðir frá markaðinum sem kunna að fullnægja eðlilegum og almennum skilyrðum til þess að stunda þessi viðskipti. Fer þetta gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga, sbr. einnig 1. gr. laganna en áfrýjandi hefur ekki leitað eftir undanþágu samkvæmt 16. gr. laganna. Af þessum ástæðum og að öðru leyti með vísan til forsendna hinnar áfrýjuðu ákvörðunar þykir mega staðfesta fyrsta og annan málslið ákvörðunarorðanna að því er varðar áfrýjanda. Þriðji málsliður ákvörðunarorðanna felur í sér skyldu á hendur áfrýjanda til að gera samninga. Ekki

þykja rök til að ganga svo langt og ber því að fella þennan hluta ákvörðunarorðanna úr gildi.

VI.

Úrskurðarorð.

10. tl. staðlaðs raðgreiðsluskuldabréfs Kreditkorta hf. brýtur í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þetta ákvæði er því ógilt, sbr. 49. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 21. febrúar 2002

Stefán Már Stefánsson, formaður

Erla S. Árnadóttir

Anna Kristín Traustadóttir